

Fangelsismálastofnun

Ársreikningur 2009

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8


Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fangelsismálastofnun ríkisins er stjórnáslustofnun sem fer með daglegan rekstur fangelsismála í umboði dómsmálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 49/2005. Í þeim lögum segir að fangelsismálastofnun sjái um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laganna og reglugerða settum samkvæmt þeim. Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa, annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið og gert að sæta eftirliti, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar, sér um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem kveðið er á um í lögum og reglugerðum og heldur utan um tölulegar upplýsingar á sviði stofnunarinnar.


Á árinu 2009 var 45,4 m.kr. tekjuafgangur af rekstri stofnunarinnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 115,6 m.kr., skuldir 34,6 m.kr. og eigið fé um 80,9 m.kr. í árslok 2009.

Forstjóri og skrifstofustjóri staðfesta hér með ársreikning Fangelsismálastofnunar fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. júlí 2010



Páll Egill Winkel,
forstjóri.



Hólmfríður Árnadóttir,
fjármálastjóri.

Áritun endurskoðenda

Til Fangelsismálastofnunar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fangelsismálastofnunar ríkisins. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fangelsismálastofnunar ríkisins á árinu 2009, efnahag 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 4. júlí 2010.



Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Tekjur			
Sértekjur	1	<u>113.455.749</u>	<u>108.247.621</u>
		<u>113.455.749</u>	<u>108.247.621</u>
Gjöld			
Vörukaup		64.438.743	47.635.532
Laun og launatengd gjöld	2	811.190.584	847.345.156
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	17.414.572	25.238.848
Funda- og ferðakostnaður	4	9.503.564	18.546.660
Aðkeypt sérfræðipjónusta	5	28.477.478	36.396.407
Rekstur tækja og áhalda	6	12.010.157	12.959.893
Annar rekstrarkostnaður	7	158.088.683	140.317.982
Húsnæðiskostnaður	8	73.947.374	68.087.456
Bifreiðarekstur	9	9.825.766	7.631.902
		<u>1.184.896.921</u>	<u>1.204.159.836</u>
Eignakaup	10	25.543.481	16.274.963
		<u>1.210.440.402</u>	<u>1.220.434.799</u>
Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur		(1.096.984.653)	(1.112.187.178)
Fjármunatekjur	11	1.233.165	1.377.850
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag		(1.095.751.488)	(1.110.809.328)
Ríkisframlag		<u>1.141.200.000</u>	<u>1.060.400.000</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		<u>45.448.512</u>	<u>(50.409.328)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýr.	2009	2008
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		26.652.368	32.551.398
Ríkissjóður	13	64.283.889	0
Viðskiptakröfur		8.804.691	11.073.723
Handbært fé	12	15.822.154	17.958.068
Veltufjármunir		<u>115.563.102</u>	<u>61.583.189</u>
Eignir alls		<u>115.563.102</u>	<u>61.583.189</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun		23.893.271	74.302.599
Tekjuhalli ársins		45.448.512	(50.409.328)
Höfuðstóll		<u>69.341.783</u>	<u>23.893.271</u>
Annað eigið fé			
Framlag til eignamyndunar		11.576.348	11.576.348
Annað eigið fé		<u>11.576.348</u>	<u>11.576.348</u>
Eigið fé	14	<u>80.918.131</u>	<u>35.469.619</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ríkissjóður	13	0	10.908.736
Viðskiptaskuldir		34.644.971	15.204.834
Skuldir		<u>34.644.971</u>	<u>26.113.570</u>
Eigið fé og skuldir		<u>115.563.102</u>	<u>61.583.189</u>

Sjóðstreymi árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		45.448.512	(50.409.328)
<i>Veltufé frá rekstri</i>		<u>45.448.512</u>	<u>(50.409.328)</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Birgðir lækkun/(hækkun).....		5.899.030	(16.668.047)
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....		2.269.032	(468.175)
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....		19.440.137	(19.090.666)
		<u>27.608.199</u>	<u>(36.226.888)</u>
Handbært fé frá rekstri		73.056.711	(86.636.216)
Fjármögnunarhreyfingar			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....		(1.141.200.000)	(1.060.400.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		1.066.007.375	1.140.416.189
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(75.192.625)</u>	<u>80.016.189</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		(2.135.914)	(6.620.027)
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>17.958.068</u>	<u>24.578.095</u>
Handbært fé í lok ársins		<u><u>15.822.154</u></u>	<u><u>17.958.068</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur embættis Fangelsismálastofnunar er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatt.

Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast embættinu.

Starfspáttagreining

Rekstri stofnunarinnar er skipt í viðfangsefni sem falla að skipulagi hennar og er kostnaði skipt á einstök viðfangsefni.

Vörubirgðir

Vörubirgðir eru færðar upp samkvæmt talningum í fangelsunum að Litla-Hrauni og á Kvíabryggju. Vörubirgðir eru hvort tveggja fullunnar vörur og hráefni.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðaverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankareikningum.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðaverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

Skýringar

Bókhald og fjárvarsla

Fjárslu ríkisins hefur verið falið að annast bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir stofnunina.

Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 1.154,2 m.kr. Á fjárukalögum var fjárheimild lækkuð vegna launa um 20,5 m.kr. Fjárheimild ársins hækkaði á móti vegna millifærslna um 7,5 m.kr., annars vegar um 1,2 m.kr. við millifærslu launabóta, launaendurmat ársins 2009 vegna kjarasamninga og hins vegar um 6,3 m.kr. millifærslu milli fjárlagaliða, tryggingagjald ársins 2009. Í heild námu fjárheimildir ársins 2009 því 1.141,2 m.kr.

Rekstrargjöld ársins 2009, að frádregnum sértekjum námu samtals 1.095,8 m.kr. og voru því innan fjárheimilda ársins sem nemur 45,4 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Sértekjur	(72.000)	(72.000)	(112.560)	40.560
Laun og launatengd gjöld	812.300	799.300	811.191	(11.891)
Önnur rekstrargjöld	384.900	384.900	360.610	24.290
Tilfærslur	18.500	18.500	10.968	7.532
	<u>1.143.700</u>	<u>1.130.700</u>	<u>1.070.208</u>	<u>60.492</u>
Stofnkostnaður	10.500	10.500	25.543	(15.043)
	<u>1.154.200</u>	<u>1.141.200</u>	<u>1.095.751</u>	<u>45.449</u>

Starfsþáttgreining

Rekstrarreikningur ársins 2009 sundurliðaður eftir sviðum:

	Þús. kr.	Hlutfall %
Yfirstjórn Fangelsismálastofnunar	135.813	12,4%
Fangelsi höfuðborgarsvæðisins.	218.814	20,0%
Fangelsið Litla-Hrauni	550.264	50,2%
Fangelsið Kvíabryggju	108.884	9,9%
Fangelsið Akureyri	53.504	4,9%
Fangahjálp, Fangavarðaskólinn og fleira	28.473	2,6%
	<u>1.095.751</u>	<u>100,0%</u>

Skýringar

Sundurliðanir

1. Sértekjur

Sértekjur stofnunarinnar hækkuðu um 4,7 m.kr. milli ára eða 4,4%. Mest var hækkun eða um 16,4 m.kr. á tekjum á Litla-Hrauni. Hækkunina má að stærstum hluta rekja til verslunar, en tekjur vegna hennar námu 54,6 m.kr. á árinu, sem er hækkun um 29,7 m.kr. á milli ára. Tekjur vegna skiltaframleiðslu á Litla-Hrauni dróst hins vegar saman um 6,5 m.kr. á milli ára. Tekjur á Kvíabryggju drógust saman um 10,6 m.kr. á milli ára sem skýrist einkum af 7,1 m.kr. minni tekjum af brettaframleiðslu en henni var hætt á árinu og minni viðhaldsvinnu. Á árinu fékk stofnunin um 2,9 m.kr. tekjur af sölu bifreiðar sem færðar eru meðal annarra tekna.

	2009	2008
Verslun fangelsanna á höfuðborgarsvæðinu	7.376.240	6.282.259
Fangelsið Kópavogsbraut	432.960	3.158.542
Litla-Hraun	92.845.571	76.404.521
Kvíabryggja	5.577.683	16.209.056
Endurgreiðslur fanga vegna síma, máltíða og fl.	3.475.791	5.001.208
Aðrar tekjur	3.281.984	1.192.035
	<u>112.990.229</u>	<u>108.247.621</u>

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld lækkuðu um 36,2 m.kr. eða 4,3% frá fyrra ári. Ársverk voru 119 á árinu en 122,8 á árinu 2008. Fækkun ársverka var 3,8 eða 3,1%. Launagjöld á ársverk lækka um 1,2% milli ára. Lækkun launa skýrist einkum af minni yfirvinnu í kjölfar hagræðingar en kostnaður vegna yfirvinnu lækkaði um 17,8% á ársverk. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna	453.622.094	458.254.774
Yfirvinna	135.977.645	170.751.474
Vaktaálag	73.997.972	73.462.927
Aukagreiðslur	9.672.819	7.348.684
Launatengd gjöld	137.920.054	137.527.297
	<u>811.190.584</u>	<u>847.345.156</u>

Skýringar

3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkaði um 7,8 m.kr. á milli ára eða 31,0%. Mest var lækkun eða um 8,5 m.kr. á símagjöldum sem má að mestu rekja til Litla-Hrauns og Kvíabryggju. Breytt var fyrirkomulagi á símaaðgengi skjólstæðinga sem kom í veg fyrir verulega misnotkun. Einnig má rekja lækkunina að hluta til rammisamnings vegna símakostnaðar sem tók gildi síðasta ársþriðjunginn.

	2009	2008
Símagjöld	5.142.535	13.684.433
Útgáfustarfsemi og afnotagjöld	3.916.278	2.947.290
Burðargjöld	1.828.974	3.282.691
Tímarit, blöð og bækur	1.290.946	1.627.738
Skrifstofuvörur	3.921.612	3.229.007
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.314.227	467.689
	<u>17.414.572</u>	<u>25.238.848</u>

4. Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður lækkaði um 9,0 m.kr. á milli ára eða 48,8%. Mest var lækkun eða um 4,2 m.kr. á liðnum ferða- og dvalarkostnaði innanlands einkum vegna greiðslu dagpeninga til fangavarðaskólanema á árinu 2008 og um 2,8 m.kr. lækkun á akstri. Lækkunin skýrist að stærstum hluta af því að fangavarðaskólinn var haldinn á árinu 2008 en ekki á árinu 2009.

Ferða- og dvalarkostnaður innanlands	1.507.895	5.735.414
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis	1.614.668	2.987.970
Fundir, ráðstefnur og námskeið	419.250	1.534.197
Akstur	4.385.166	7.142.441
Annar funda- og ferðakostnaður	1.576.585	1.146.638
	<u>9.503.564</u>	<u>18.546.660</u>

5. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta lækkaði um 7,9 m.kr. á milli ára eða 21,8%. Mest var lækkun á sérfræðiþjónustu sem skýrist af minni aðkeyptri þjónustu á árinu. Færri fangar voru sendir til vistunar á meðferðarstofnunum á árinu 2009 en á árinu 2008. Fangelsismálastofnun ríkisins greiddi mánaðarlega til áfangaheimilisins Verndar vegna afplánunar fanga síðasta hluta fangelsisvistar sinnar en þær greiðslur lækkuðu um 0,5 m.kr. á milli ára og námu greiðslurnar á árinu 2009 um 17,4 m.kr. Greiðslur til Sólheima lækkuðu um 0,5 m.kr. og námu um 1,2 m.kr. og til annarra um 0,6 m.kr.

Rekstrarsamningar um kaup á þjónustu	19.029.822	20.671.546
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	2.007.930	3.271.599
Rannsóknarstofuþjónusta	3.303.911	4.160.046
Önnur sérfræðiþjónusta	4.135.815	8.293.216
	<u>28.477.478</u>	<u>36.396.407</u>

Skýringar

6. Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður við rekstur tækja og áhalda lækkaði um 0,9 m.kr. á milli ára eða 7,3%. Breytingar á liðnum voru bæði til hækkunar og lækkunar og tengjast þær einkum viðhaldi og viðgerðum á öryggiskerfum.

	2009	2008
Smátæki og áhöld	6.966.808	6.668.232
Viðgerðir og viðhald	2.869.874	2.689.398
Varahlutir og viðhaldsvörur	902.693	1.457.405
Uppsetning á netbúnaði	731.601	1.857.958
Annar rekstarkostnaður tækja og áhalda	539.181	286.900
	<u>12.010.157</u>	<u>12.959.893</u>

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 17,3 m.kr. á milli ára eða 12,3%. Mest var hækkun á máltíðum eða um 5,6 m.kr. milli ára eða 6,2% en á móti var um 2,5 m.kr. lækkun á matvælum. Keyptar máltíðir eru vegna starfsmanna og vistmanna í fangelsum landsins. Um 5,1 m.kr. hækkun var á vinnufatnaði og fatafé eða um 74,0% sem má rekja til endurnýjunar vinnufatnaðar. Meðal tilfærslu eru færslur vegna dagpeninga en Fangelsismálastofnun greiðir dagpeninga til þeirra fanga sem hvorki geta unnið né hafa vinnu. Meðal annars kostnaðar vegur hæst 4,8 m.kr. afskrift og 2,6 m.kr. kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu.

Máltíðir	96.279.059	90.207.110
Matvæli	14.038.937	16.511.087
Tilfærslur	10.967.857	8.631.922
Rekstrarvörur	13.047.502	11.095.046
Vinnufatnaður og fatafé	12.022.791	6.909.664
Annar kostnaður	11.732.537	6.963.153
	<u>158.088.683</u>	<u>140.317.982</u>

Skýringar

8. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 5,9 m.kr. eða 8,6% á milli ára. Á árinu hækkaði kostnaður vegna viðhalds fasteigna og innréttinga mest eða um 3,4 m.kr. en hækkunin skýrist einkum af viðhaldskostnaði á húsnæði Litla Hrauns. Húsaleiga ársins 2009 vegna Borgartúns 7 hækkaði um 1,2 m.kr. á milli ára eða um 30,0% en hún nam um 5,1 m.kr. á árinu 2009, húsnæðið er í eigu ríkissjóðs.

	2009	2008
Leigugjöld	5.299.423	3.970.752
Orka	14.846.182	13.995.678
Viðhald fasteigna og innréttingar	25.449.779	22.077.798
Fasteignagjöld	11.942.800	11.578.717
Þrif og sorphirða	5.828.041	6.439.114
Annar húsnæðiskostnaður	10.581.149	10.025.397
	<u>73.947.374</u>	<u>68.087.456</u>

9. Bifreiðarekstur

Kostnaður við rekstur bifreiða hækkaði um 2,2 m.kr. milli ára eða um 28,7%. Stofnunin á og rekur 10 bifreiðar, þar af eru tvær hjá Fangelsismálastofnun, fjórar á Litla-Hrauni, tvær á Kvíabryggju auk dráttarvélar, ein í Hegningarhúsinu og ein í Fangelsinu Akureyri.

Bensín og olía	4.811.114	4.640.238
Opinber gjöld og tryggingar	1.498.679	1.093.074
Viðgerðir og viðhald	2.349.896	1.117.117
Annar bifreiðakostnaður	1.166.077	781.473
	<u>9.825.766</u>	<u>7.631.902</u>

10. Eignakaup

Eignakaup jukust um 9,3 m.kr. á milli ára eða 56,9%. Keyptar voru tvær bifreiðar að verðmæti 12,5 m.kr. Kostnaður vegna tölvubúnaðar hækkaði um 1,9 m.kr. en keyptar voru nýjar tölvur á árinu ásamt tölvubúnaði. Meðal annarra tækja og búnaðar vega hæst á árinu kaup á upptökuvélum og öðrum tækjum fyrir Litla-Hraun.

Bifreiðar	12.498.250	0
Vinnuvélar	0	5.220.778
Tölvubúnaður	3.117.342	1.244.544
Húsgögn	689.183	949.771
Önnur tæki og búnaður	9.238.706	8.859.870
	<u>25.543.481</u>	<u>16.274.963</u>

Skýringar

11. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2009	2008
Vaxtatekjur	1.798.579	2.012.324
Vaxtagjöld	(348.475)	(433.243)
Fjármagnstekjuskattur	(216.939)	(201.231)
	<u>1.233.165</u>	<u>1.377.850</u>

Annað

12. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

Sjóður	330.612	440.746
Bankainnstæður	15.491.542	17.517.322
	<u>15.822.154</u>	<u>17.958.068</u>

13. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Fangelsismálastofnunar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2009 nam inneign stofnunarinnar við ríkissjóð 64,3 m.kr. og hafði staða gagnvart ríkissjóði því batnað um 75,2 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar	(10.908.736)
Ríkisframlag	1.141.200.000
Greiðslur	(1.101.780.318)
Millifærslur	35.772.943
Staða 31. desember	<u>64.283.889</u>

14. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Á árinu 2009 var stofnunin rekin undir fjárheimildum ársins sem nemur 45,4 m.kr. og hækkar höfuðstóll sem nemur þeirri fjárhæð. Í lok ársins 2009 sýnir höfuðstóll stofnunarinnar uppsafnaðan tekjuafgang sem nemur 69,3 m.kr. Að auki nemur bundið eigið fé 11,6 m.kr. þannig að í heild nemur eigið fé 80,9 m.kr.

Höfuðstóll:

Höfuðstóll 1. janúar 2009	23.893.271
Ríkisframlag	1.141.200.000
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag	(1.095.751.488)
Höfuðstóll 31. desember 2009	<u>69.341.783</u>

Annað eigið fé:

Framlag til eignamyndunar 1. janúar 2009	11.576.348
Annað eigið fé 31. desember 2009	<u>11.576.348</u>
Eigið fé alls	<u>80.918.131</u>

Skýringar

15. Skuldbindingar

Í gildi eru eftirfarandi samningar: Samningur við Fasteignir ríkissjóðs um húsaleigu og nam mánaðarleg greiðsla um 428,7 þús. kr. Samningur er við ISS Island um ræstingar og nam mánaðarleg greiðsla að meðaltali 103,8 þús. kr. Samningur er við Hreingerningapjónustu Suðurlands um ræstingar á Litla-Hrauni og nam mánaðarleg greiðsla 208,7 þús. kr. að meðaltali. Samningur við Rauða húsið um mat á Litla-Hrauni. Greiðsla fyrir þjónustu er samkvæmt umsömdum taxta og tekur mið af fjölda fanga og starfsmanna. Samningur við Vernd um aðlögun fanga og nam mánaðarleg greiðsla 1.452 þús. kr. Samningur við Sólheima um vistun fanga að Sólheimum í Grímsnesi en kostnaður vegna hans nam 1.248,4 þús. kr. á árinu 2009.

Kennitölur

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2009	2008	2007	2006	2005
Rekstur					
Rekstrartekjur	114.689	109.625	76.601	66.784	67.866
Rekstrargjöld	(1.184.897)	(1.204.160)	(1.001.394)	(853.193)	(802.764)
Eignakaup	(25.543)	(16.275)	(19.354)	(9.749)	(10.770)
Tekjuafgangur	(1.095.751)	(1.110.810)	(944.147)	(796.158)	(745.668)
Ríkisframlag	1.141.200	1.060.400	923.200	828.029	780.300
Tekjuafgangur ársins	<u>45.449</u>	<u>(50.410)</u>	<u>(20.947)</u>	<u>31.871</u>	<u>34.632</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	<u>115.563</u>	<u>61.583</u>	<u>120.174</u>	<u>133.202</u>	<u>93.913</u>
Eignir alls	<u>115.563</u>	<u>61.583</u>	<u>120.174</u>	<u>133.202</u>	<u>93.913</u>
Höfuðstóll	80.918	35.469	85.878	106.824	74.953
Skammtímaskuldir	<u>34.645</u>	<u>26.114</u>	<u>34.296</u>	<u>26.378</u>	<u>18.960</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>115.563</u>	<u>61.583</u>	<u>120.174</u>	<u>133.202</u>	<u>93.913</u>